

Safnasafnið

Icelandic Folk and Outsider Art Museum

2018



Safnið

Safnasafnið var stofnað þann 17. febrúar árið 1995, af hjónunum Nielsi Hafstein myndlistarmanni og Magnhildi Sigurðardóttur geðhjúkrunarfræðingi. Hafa þau byggt upp myndarlega sýningaraðstöðu sem samanstendur af gamla barnaskólum, sem jafnframt var þinghús Svalbarðshrepps, og kaupfélagshúsinu Gömlu Búð sem reist var árið 1900 á Svalbarðseyri en flutt á safnlóðina árið 2006 og endurgert. Voru þessi tvö virðulegu hús síðan tengd saman með glæsilegri viðbyggingu og safnið opnað í núverandi mynd árið 2007 með 10 misstórum sölum og alls tæpum 500 fermetrum af sýningarrými.

Stofnendur hafa í rúm 30 ár safnað af ástríðu verkum helstu alþýðulistamanna landsins, listamanna sem af ýmsum

ástæðum hafa verið á jaðrinum eða utanveltu við meginstrauma, stundum kallaðir næfir eða einfarar í myndlistinni, en eru í reynd beintengdir sköpunarverkinu; sannir, óspilltir og frjálsir.

Safnasafnið hefur þá sérstöðu meðal listasafna á Íslandi að safna jöfnum höndum list eftir leika sem lærða, þó að meginstofni verum sjálfmenntaðra listamanna. Safneignin telur um 6.400 listaverk, gerð af rúmlega 300 lærðum og sjálf lærðum listamönnum, frá miðri nítjándu öld til dagsins í dag.

Einnig var sérstök safndeild stofnuð árið 2015, Kikó Korrríóstofa, þar sem varðveitt eru um 120.000 verk eftir Þórð Guðmund Valdimarsson (1922–2002).

The museum

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum was founded in 1995 by artist Niels Hafstein and his wife Magnhildur Sigurðardóttir, who is a psychiatric nurse. The museum is located in North Iceland, close to Svalbarðsströnd (about 10 minutes' drive from Akureyri). It consists of two adjoining vintage buildings with a local history, one being the former elementary school and community centre, while the other was built in 1900 to house the district's first co-op. The museum was reopened after renovation in 2007 with 10 separate galleries of various sizes, altogether 500 square metres of exhibition space.

For over 30 years the museum's founders have been passionately committed to collecting artworks by artists who have hitherto been seen as outside the cultural mainstream, often also called naïve or brut.

Artists who have a real and direct connection to an original creational spirit; true, unspoiled and free.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum is a unique art museum in Iceland, initially collecting artworks by all major contemporary folk artists and autodidacts in Iceland, whose works form the core of the collection, while also gradually acquiring an excellent collection of art by professional artists. The base collection consists today of about 6,400 artworks by over 300 artists, dating from the mid-19th century to present times.

In addition a special department was founded in 2015, consisting of 120,000 works by Þórður Guðmundur Valdimarsson (1922–2002), alias Kikó Korrríó.



Hópurinn Huglist / Huglist Group



Bókasafn og fræðastofa

Í bókastofunni eru ógrynni fræðirit og bóka um flestar helstu listgreinar, svo sem myndlist, hönnun, arkitektúr, textíl og handverk. Fræðafólk og áhugamenn geta þar einnig fengið aðgang að upplýsingum um sýningarhald, safneign og rannsóknir Safnasafnsins á alþýðulist og sérstæðum listamönnum.

Í bókastofu Safnasafnsins eru sýnd ný verk eftir Vilhjálm Inga Vilhjálmsson, fjöldi platta úr plastperlum líkt og börn hafa gaman af að gera, en að baki verka Vilhjálms liggur ákveðin hugmyndafræði og möguleikar í útfærslu skipta milljörðum. Var afráðið að veita þeim meira pláss en venja er í þessu rými og beinlínis taka það yfir með áherslum og sjónlínunum á veggjum, skápum og stigahandriði.

Í bókastofunni má auk þess sjá bókverkið BUGS og verk úr safneign eftir Arnar Herbertsson, Ólöfu Nordal og Stefán Fjólán.

Brúðusafnið

Í brúðusafni Safnasafnsins má sjá brúður íklæddar þjóðbúningum frá öllum heims-hornum. Brúðurnar á sýningunni eru 400 talsins en í safneign eru alls um 800 gripir. Innlendir sem erlendir gestir hafa ánægu af að finna brúður frá heimalandi sínu og vilja um leið fræðast um aðrar þjóðir.

Í ár er sett upp sérsýning í brúðusafninu á brúðum úr eigu Elínar Jónsdóttur (1918–2013) til að minnst 100 ára afmælis hennar. Elín var þekkt hannyrðakona, kenndi bæði fatasaum og þjóðbúninga-saum og vann ötullega að endurbótum á íslenska búningnum. Börn Elínar ánöfn-uðu Safnasafninu 89 brúður úr safni hennar til varðveislu.

Library and study centre

The museum library contains hundreds of books and vast source material about visual arts, design, architecture, textile and crafts. It also includes source material about the museum, its exhibitions since the outset, the collection and the museum's own research on folk art and outsider artists.

On display in the library are new works by Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, consisting of several plaques made from plastic beads. Behind each plaque, or series of plaques, is a certain ideology, creating numerous colour combinations built on a certain sense of proportion and form. When installing the plaques it was decided to give them more space than is customary in the library, taking over the entire space by placing the plaques on walls, cupboards and handrail.

Also on display in the library is BUGS, a work of book art, and works from the museum's collection by Arnar Herbertsson, Ólöf Nordal and Stefán Fjólán.

Doll Collection

A permanent collection of national costume dolls from all over the world. Of about 800 dolls in the collection, 400 are on display. Icelanders as well as foreign visitors enjoy finding dolls belonging to their homeland, as well as learning about other nations.

On special display are dolls from the private collection of Elín Jónsdóttir (1918–2013), to commemorate the centenary of Elín's birth. Elín was a skilful seamstress and gave both private courses in tailoring and taught courses at the Icelandic Handcrafts Association, focussing on improvements to the national costume. Elín's heirs donated 89 of her dolls to the museum's doll collection.



Verslunin

Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co var í eigu sömu fjölskyldu frá 1907 til 2006 þegar að hún var lögð niður. Safnasafnið keypti innréttingarnar og notar þær sem umgjörð um sýningar tengdar textíl og hannyrðum.

Í ár sýnir Bryndís Símonardóttir verk tengd vorkomu og farfuglum. Náttúran hefur lengi verið Bryndísi uppspretta í handverki, hún fylgdist með komu farfuglanna og skráir hjá sér, og litbrigði landsins hafa verið henni hvatning til sköpunarstarfa.

Í innra rými verslunarinnar, svokallaðri Svalbarðsstofu, er sýningin *Bróðerað landslag*. Þar eru sýnd sérkennileg myndverk frá árunum 1916–1959, þar sem himinn og vatn er málað en landslag saumað út með listsaumí. Verkin kallast á við þá landslagsdýrkun sem kom fram hjá íslenskum listmálurum á sama tíma og tengist sjálfstæðisbaráttu og styrkingu á sjálfsmynd þjóðar sem rís á þessum árum til fullveldis og síðar til fulls sjálfstæðis.

The Store

The Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co shop was in the ownership of the same family from 1907 to 2006, when it closed down. The museum bought the interior fittings and has used them as a setting for its textile-related exhibitions.

On display this year are works by Bryndís Símonardóttir. Nature has long been an inspiration for Bryndís's craft. She closely monitors the migration of birds in spring and keeps a journal noting their arrival. The colour nuances of the Icelandic landscape have also inspired her artistic work.

On display in the shop's inner exhibition area are unusual pictures showing embroidered Icelandic landscapes with painted sky and water, made between 1916 and 1959. These embroidered landscapes clearly echo the trend for landscape art at that period, that was one aspect of the Icelandic campaign for independence, fostering a strong sense of national identity as Iceland progressed from colonial rule to become a sovereign nation in 1918 and finally an independent republic in 1944.



María Ásmundsdóttir (1889–1996)



Sýningar 2018

Halla Birgisdóttir

Halla Birgisdóttir er myndskáld og notar texta og teikningar sem rannsakandi athöfn. Hún býr til brotakennd frásagnarými þar sem hún vinnur með samspil mynda og texta og bilið þar á milli. Mótast birtingarmyndir verkanna af rýminu sem hún sýnir í. En undirstaða verka Höllu er alltaf blýantsteikning. Teikningarnar á sýningunni í Safnasafninu eru hluti af áframhaldandi verkefni sem nefnist *Um fólk* og fjallar um hvað það er að vera manneskja, og gengur út á að finna oft á tíðum raunaleg en líka skopleg augnablik í mannlegri tilvist.

„Það eina sem þarf til þess að skapa myndlist er listamaður með blýant“

Halla Birgisdóttir calls herself a visual poet and uses text and drawings as a method of research. She creates a fragmented narrative space, exploring the interaction between pictures and text and the blank physical space in between. Halla always works directly within each exhibition space, creating a site-specific installation. But the basis of Halla's works is always the pencil drawing. The title of the exhibition at the Icelandic Folk and Outsider Art Museum is *About People*, and is a part of an ongoing project expressing what it means to be a human being, and seeks to collect moments of human existence that can be melancholy but also humorous.

“The only thing needed to make art is an artist with a pencil”



Exhibitions 2018

Kristín Ómarsdóttir

Kristín Ómarsdóttir hefur jöfnum höndum fengist við ljóða- og skáldsagnagerð, smásögur og leikritun. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín og bækur hennar hafa verið þýddar á erlend tungumál. Kristín hefur einnig unnið að myndlist og meðal annars myndskreytt eigin bækur. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum þar sem hún hefur unnið með ólík form; teikningar, myndbönd og skulptúra.

Kristín Ómarsdóttir has made her name as an author, writing poetry, short stories, plays and novels. She has received numerous awards and prizes for her writings and her books have been translated into other languages. Kristín has also made her name known as an artist, and has illustrated some of her books with her drawings. She has held solo exhibitions and participated in several joint exhibitions, working in such diverse media as drawings, video and sculpture.

Ívar Valgarðsson

Verk Ívars eru ágeng á sama tíma og þau stafa frá sér kyrrð og ihugun og þau endurspeglu áhuga hans á þeim sköpunarkrafti sem á sér stað í mótun og uppbyggingu manngerðs umhverfis. Sýning Ívars í Safnasafninu nefnist *Milli málverka* (2017) og hverfist um 4 ljósmyndir teknar á málverkasýningu í Listasafni Íslands. Ívar beinir athygli okkar að fletinum milli málverkanna, sem á að vera hlutlaus gagnvart listaverkunum sem á hann eru sett, en verður í meðferð listamannsins hlaðinn sjónrænu gildi.

Ívar's art has the quality of being contentious and at the same time quiet and contemplative. His works reflect the artist's interest in the creativity embodied in the formation and development of the man-made environment. Ívar's exhibition at the Folk and Outsider Art museum, *Between Paintings* (2017), focusses on 4 photographs taken at an exhibition of paintings at the National Gallery of Iceland. Ívar draws our attention to a surface purportedly neutral against the artworks displayed on it, which becomes in his handling visually charged.



Sýningar 2018

Þórunn Elísabet Sveinsdóttir

Þórunn Elísabet Sveinsdóttir er myndlistarmaður, sýningarstjóri og búninga- og leikmyndahönnuður. Í list sinni sækir hún í efni við sem á sér fortíð og segir sögur. Áhugi hennar á íslenski alþýðumenningu, einkum menningu og handverkshefð kvenna, skipar þar einnig mikilvægan sess. Þórunn hefur þróað persónulegan stíl þar sem hún endurskoðar, endurraðar og endursmiðar úr efni við sem fyrir öðrum er ónýtt rusl eða svo heilagur að vart má fara um hann höndum.

Þórunn Elísabet Sveinsdóttir is an artist, curator and costume and set designer. In her art Þórunn frequently uses material with a past that has stories to tell. Her interest in Icelandic folklore, especially women's culture and craft, also plays an important role in her work. She has developed a personal style where she reviews, rearranges and rebuilds from materials that others might either see as rubbish, or so sacred that one could barely think of touching them.



Ágúst Jóhannsson



Sýningar 2018

Safnasafnið hefur um langt árabil verið í samstarfi við listahátíðina *List án landamæra* þar sem lærðir og sjálfflærðir listamenn mætast í frjó samstarfi. Í tengslum við listahátíðina í ár eru sýnd verk eftir Bjarna Þór Þorvaldsson, Gunnar Kárason, Ingvar Ellert Óskarsson og Matthías Mát Einarsson.

Sýning Bjarna Þórs Þorvaldssonar í anddyri nefnist *Litróf forvitinnar*. eru það annars vegar svarthvítar teikningar þar sem línan er í öndvegi og hins vegar litaðar tússteikningar þar sem fléttast saman ýkt form og tákn.

Í vestursal er sýning á húsalíkönum eftir Gunnar Sigfús Kárason (1931–1996), en Gunnar ólst frá barnsaldri upp að Sólheimum í Grímsnesi. Með tímanum varð hann bústjóri og sinnti búskapnum af kappi, en listhneigður var hann líka, tálgaði og skar út dýr og fugla, þrjónaði og saumaði út, málaði myndir og gerði líkön af húsum úr pappa. Í fyrstu bjó hann til líkön af húsun-

um á Sólheimum, síðan bættust við þekktar byggingar og kirkjur á Íslandi, en innan sjást hús sem eru hugarfóstur listamannsins og bera vitni um sjálfspottna sköpunargleði. Árið 2017 ánöfnuðu Sólheimar 68 húsalíkönum til Safnasafnsins, en safnið átti 4 hús fyrir. Í tengslum við sýninguna eru sýnd tvö æskuverk eftir Erró sem sýna ímyndaðar byggingar og líkön sem skólabörn á Grenivík gerðu af húsum í þorpinu sínu.

Í austursal eru sýndar teikningar og litaðar myndir eftir Ingvar Ellert Óskarsson (1944–1992) og útskorin verk eftir Matthías Mát Einarsson. Myndverk Ingvars Ellerts sýna mörg hver báta og skip sem sigla til fjarlæggra landa. Til að tengja verk listamannanna og fá heildstæða myndskipan voru smíðuð létt bátsform á stöpli og verkum Matthíasar raðað þar á. Verk beggja bera með sér heillandi andblæ einlægni og sjálfspottinnar fegurðar sem auðvelt er að hrífast af og njóta.



Exhibitions 2018

The Icelandic Folk and outsider Art Museum has every year cooperated with Art Without Borders, an annual art festival where people with disabilities exhibit their own individual artworks and join in a creative encounter with other contemporary artists.

This year works by Bjarni Þór Þorvaldsson, Gunnar Kárason, Ingvar Ellert Óskarsson and Matthías Mát Einarsson are exhibited in the museum.

Bjarni Þór Þorvaldsson's exhibition in the foyer bears the title *The Spectrum of Curiosity*, and comprises two parts; black-and-white drawings with finely drawn lines and a composition of colored tusch drawings with merging forms and symbols.

In the downstairs westward exhibition area are installed 72 buildings made from cardboard by Gunnar Sigfús Kárason (1931–1996). Gunnar was placed in foster care in the ecovillage at Sólheimar at the age of only six. As he reached adulthood he became the farm manager at Sólheimar, but also showed artistic talents and carved birds and animals from wood, knitted and embroidered, painted pictures and made

cardboard houses. At first Gunnar made models of the houses at Sólheimar, then added well-known buildings and churches in Iceland, as well as his own imaginary structures. The colourful models show the remarkable effort Gunnar put into his work and the convincing and joyful results. In 2017 Sólheimar donated 68 model buildings to the Icelandic Folk and Outsider Art Museum, which already had four houses in its collection. In connection with the exhibition are displayed two coloured drawings by Erró from his youth, depicting imaginary buildings, and house models by the children from Grenivík elementary school.

In the downstairs eastward exhibition area are pencil and coloured drawings by Ingvar Ellert Óskarsson (1944–1992) and carved works by Matthías Mát Einarsson. Many of Ingvar Ellert's pictures show boats sailing to far-off lands. To connect the works of the two artists and achieve unity, light boat frames were fixed to a base and Matthías' works arranged on top. The works of these two genial artists carry with them lighthearted charm, a gentle breeze of sincerity and spontaneous beauty which easily allures the spectator.



Fuglar

Til að fagna evrópsku menningararfsári ákvað Safnasafnið að setja upp sýningu á 360 fuglum úr safneign sinni, sem geymir um 600 fugla alls. Fuglar eru táknmyndir frelsis og boðberar sumars, þeir svífa yfir land og sjó, fjöll og firnindi og yfir úthöfin breið og tengja með ferðalögum sínum stað við stað og land við land. Á sýningunni eru farfuglar, staðfuglar, skrautfuglar og ævintýrafuglar úr ólíkum hugmyndasmiðjum, en allir eiga þeir heima í Safnasafninu, margir hafa dvalið þar frá stofnun 1995 en aðrir eru nýflognir í hús.

Birds

To celebrate the European Year of Cultural Heritage 2018 the Folk and Outsider Art Museum decided to exhibit a selection of 360 birds from its collection of altogether 600 birds. Birds symbolize freedom and are harbingers of summer in Icelandic folklore. The fly over land and the great oceans, and connect with their travels place to place, land to land. The exhibition shows migrating birds, resident birds, decorative birds and fairytale birds created in different ways. All these birds live in the Icelandic Folk and Outsider Art Museum. Many have been resident from the foundation of the museum in 1995, but some have just flown in.

Útisýning

Útisýningin *Handan norðanvindsins* er samstarfsverkefni þriggja myndlistarmanna: Barbara Ridland, Málfríður Aðalsteinsdóttir og Kristínar Reynisdóttur. Í verkum sínum vinna þær út frá æskuminningum og þeirri sameiginlegu reynslu að hafa alist upp í norðrinu þar sem andstæður myrkurs og birtu eru sterkar og veður geta verið stríð. Útisýningin tengist hugmyndafræðinni á bak við leikfangasafn Safnasafnsins, en einnig bernskuleikjum listamannanna og gleðinni sem leikurinn laðar fram. Listamennirnir vinna í ólíka miðla og nálgast viðfangsefnið hver á sinn sérstaka hátt og taka mið af umhverfinu sem um er að ræða.

The outdoor exhibition

The outdoor exhibition *Behind the North Wind* is a collaborative project of three artists, Barbara Ridland, Málfríður Aðalsteinsdóttir and Kristín Reynisdóttir. In their works, the artists express the experience of living in the Nordic region, where nature is in a constant state of flux, with its great contrasts of light and darkness, with winds blowing fiercely and weather affecting everyday life. The inspiration for the works in the open-air exhibition comes from childhood memories and children's games, emphasizing the joy of playing games, but is also connected to the ideology of the toy collection at Safnasafnið. The works are site-specific and created individually in diverse media.



Kristín Reynisdóttir



Samstarf við skóla

Að venju efnir Safnasafnið til samstarfs við grunn og leikskóla við Eyjafjörð. Þetta samstarf er hugsað til að efla listrænan áhuga og hugmyndaflug barnanna frá unga aldri, en einnig er safninu heiður og ánægja af þátttöku þeirra, lífsgleði og sköpunarkrafti.

Að þessu sinni gerðu börn úr Valsárskóla og leikskólanum Álfaborg á Svalbarðs-strönd verk í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins. Þau flytja einnig atriði við opnun sýninganna í Safnasafninu 12. maí 2018. Börn úr Grenivíkurskóla tóku þátt í sýningu á húsalíkönnum með því að gera líkön af húsum úr þorpínu sínu.

Collaboration with schools

True to custom the museum collaborates this summer with schoolchildren from the Eyjafjörður district. The purpose of this collaboration is to encourage from an early age the children's imagination and interest in art, but the museum is also honoured by their participation and takes pleasure in sharing their cheerfulness and joy of creation.

This time children from the local elementary school Valsárskóli and the Álfaborg kindergarten in Svalbarðseyri made works to celebrate the centenary of Icelandic independence and sovereignty. They also perform at the museum's vernissage on 12 May 2018. Children from the elementary school in Grenivík participated by building house models shown in connection with Gunnar Sigfús Kárasón's exhibition.

Safnasafnið hefur vakið athygli fyrir sýningar sínar og óvenjulega nálgun, bæði héraendis og erlendis, og um það verði fjallað í innlendum sem erlendum blöðum og tímaritum, m.a. hinu þekktu breska tímariti Raw Vision, sem helgað er alþýðulist, ITE í Finnlandi, sem sýnir list einfara og gefur út bækur og tímarit um sjálfsprottna list, og Dpi Magazine í Taipei á Taiwan, sem er öflugt í útgáfu og kynningu á alþýðulist frá öllum heimshornum. Safnasafnið var tilnefnt til safnaverðlauna Safnaráðs árið 2008 og hlaut Eyrarrósina árið 2012, en hún er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni.

Einnig var Safnasafnið í lokaúrvali tilnefninga árið 2014 til hinna alþjóðlegu verðlauna Dr. Guislain safnsins í Ghent, Belgíu, og á ný árið 2016, en sú stofnun er þekkt fyrir stuðning sinn í þágu einstaklinga með geðraskanir, og rekur m.a. þekkt listasafn í þeim tilgangi.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum has gained attention and recognition for its unique exhibitions and unusual approach, both in Iceland and abroad. Articles and reviews have been written and published in newspapers and magazines, among others the respected British magazine Raw Vision, dedicated to folk and outsider art, ITE in Finland, an art institute and publisher of books and magazines about selftaught artists, and Dpi Magazine in Taipei, Taiwan, which showcases folk and outsider art from all over the world. In 2008 the Icelandic Folk and Outsider Art Museum was nominated for the Icelandic Museum Council Award and in 2012 it won the Eyrarrós Award, which was founded to focus on and encourage cultural diversity, innovation and development in the field of culture and art.

In addition the museum has twice been nominated for the Dr. Guislain Award, in 2014 and 2016, and has both times been selected as a finalist among the most promising nominees. The Dr. Guislain Museum is a respected institution in Ghent, Belgium, exhibiting artefacts from the history of psychiatry and an extensive collection of outsider art.



Fræðimannsíbúð

Í Safnasafninu er starfrækt fræðimannsíbúð. Íbúðin er 67 m², með sérinngangi og útbúin húsgögnum og eldunarstöðu. Fræðimenn hafa aðgang að bókasafni og rannsóknum Safnasafnsins skv. samkomulagi. Auk þess geta áhugasamir leigt íbúðina allt árið um kring, nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins, www.safnasafnid.is

Scholar's apartment

A scholar's apartment at the Icelandic Folk and Outsider Art Museum is available to researchers. The residence is a 67 m² apartment with private entrance, furnished and with a fully equipped kitchen. It can sleep 1-5 people. Scholars/researchers have access to the museum library and the museum's own research material by agreement. The apartment is available for rent all year round, also by others than scholars when available. For more information see the museum website, www.safnasafnid.is



Safnasafnið,
Svalbarðsströnd, 601 Akureyri
www.safnasafnid.is
© Safnasafnið 2018

Ritstjóri / Editor

Unnar Örn J. Auðarson

Sýningarstjórar / Curators

Harpa Björnsdóttir, Niels Hafstein, Magnhildur Sigurðardóttir, Unnar Örn

Undirbúningur og aðstoð / Preparation and assistance

Becky Forsythe, Elin S. Sigurðardóttir, Elinbjört Jónsdóttir, Gyða Dröfn Árnadóttir, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Haraldur Nielsson, Helga Óskarsdóttir, Helgi Bjarnason, Smári Ólason, Tómas Jónsson / Arndís Sigurbjörnsdóttir, Bergljót Baldursdóttir, Elsa Guðmundsdóttir, Guðrún Snorradóttir, Hannesarholt, Marinella Haraldsdóttir, Pálmar Ólason, Steinunn Snorradóttir, Susanne Christensen

Kynningarmál / Public Relations

Margrét M. Norðdahl

Textar / Texts

Harpa Björnsdóttir, Niels Hafstein

Þýðing / Translation

Anna Yates, Harpa Björnsdóttir

Prófarkalestur / Proofreading

Harpa Björnsdóttir

Forsíða / Cover

Þorsteinn Diómedesson [1900- 1983]

Ljósmyndir / Photographs

© Daniel Starrason, Ben Mullan, Harpa Björnsdóttir, Ívar Valgarðsson, Pétur Thomsen, Ragnar Th
Prentun / Printing
Litróf

Allar ljósmyndir, listaverk, texti og annað efni er verndað skv. íslenskum og alþjóðlegum höfundarréttarlögum. Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

All photographs, artworks and text protected under Icelandic and International Copyright Conventions. All rights reserved, including the right to reproduce this publication or any portions thereof, in any form, except for brief quotations in a review or by written permission by the authors and publisher.



Gjafir / Donations 2017-2018

Eftirtaldir listamenn gáfu verk eftir sig til safnsins / The following artists donated works to the museum

Birta Guðjónsdóttir, Finnur Ingi Erlendsson, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Hafþór Ragnar Þórhallsson, Inger Nordahl Jensen, Jenný Karlsdóttir, Kees Visser, Rúna Þorkelsdóttir, Ragnheiður Þóra Ragnarsdóttir, Rúrí, Sigríður Ágústsdóttir, Steingrímur Eyfjörð & Vaka Unnarsdóttir

Einnig bærust safninu verk eftir / other works by

Elínu Jónsdóttur [1918- 2013] gefandi / donated by: Erfingjar / Heirs
Gunnar Sigfús Kárason [1931-1996] gefandi / donated by: Sólheimar
Jóhanna Jóhannsdóttir [1918-1985] gefandi / donated by: Þórður Sverrisson og systkini
Jón E. Guðmundsson [1915-2004] gefandi / donated by: Leikminjasafn Íslands
Margréti Indriðadóttur [1923-2016] gefandi / donated by: Erfingjar / Heirs



Þakkir vegna samstarfs og stuðnings

Thanks for collaboration and support

100 ára afmæli Fullveldis Íslands / Centenary of Icelandic independence and sovereignty

Evrópska menningararfsárið 2018 /

2018 European Year of Cultural Heritage

Byggðasafnið Skógum / Skógar Museum

Heimilisiðnaðarsafnið / Textile Museum

Leikminjasafn Íslands /

The Theatre Museum of Iceland

Listasafn Reykjavíkur / Reykjavik Art Museum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið /

Ministry of Education and Culture

Myndlistarsjóður / Art Council Iceland

Safnaráð / Museum Council of Iceland

Sólheimar / Ecovillage

Svalbarðsstrandarhreppur /

The Municipality of Svalbarðsströnd

Öryrkjabandalag Íslands /

The Organisation of Disabled in Iceland

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra /

Eyþing Cultural Council

Gefendur listgripa, listamenn, skólar, velunnarar,

aðstoðar fólk, fjölmiðlar, gestir og listvinir /

Donors of artworks, artists, schools, supporters,

assistants, media, visitors and art lovers

Sýningar / Exhibitions 2018

Gunnar S. Kárason / Erró

Grenivíkurskóli

+

Bjarni Þór Þorvaldsson

Ingvar Ellert Óskarsson

& Matthías Már Einarsson

+

Fuglar / Birds

360 verk / works - 60 listamenn / artists

+

Hjalti Skagfjörð Jósefsson / Ragnar

Bjarnason / Yngvi Örn Guðmundsson

+

Leikskólinn Álfaborg / Valsárskóli

+

Brúðusafn

+

Útisýning / Outdoors

Barbara Ridland / Kristín Reynisdóttir

Málfriður Aðalsteinsdóttir

+

Huglist

Halla Birgisdóttir / Ívar Valgarðsson

Kristín Ómarsdóttir / Þórunn Elísabet

Sveinsdóttir

+

Bryndís Símonardóttir

+

Bróderað Landslag - Embroidered
landscapes

Anna Guðrún Tómasdóttir / Elínborg Elísabet

Benediktsdóttir / Erla Aðalsteinsdóttir

Fanney Gísladóttir / Guðlaug Pálsdóttir

Hersir / Guðný Guðnadóttir / Jóhanna

Guðmundsdóttir / Marinella Haraldsdóttir

María Ásmundsdóttir / Steinunn Lárusdóttir

Sigríður (föðurnafn óþekkt)

+

Arnar Herbertsson / Hálfván Á. Björnsson

Ólöf Nordal / Stefán Fjólan / Vilhjálmur Ingi

Vilhjálmsson / BUGS

Safnasafnið

The Icelandic Folk and

Outsider Art Museum

+ 354 461 4066

safngeymsla@simnet.is

www.safnasafnid.is

facebook / Safnasafnid

Opið frá / Open from

12.05.-06.09.

Opnunartími / Opening

hours 10:00-17:00

Tekið er á móti hópum

eftir samkomulagi

Visits for groups arranged

by agreement

